Hagtíðindi
Statistical Series

Iðnaður
Manufacturing

**2010:1 • 1. júlí 2010**

# Verðmæti seldra framleiðsluvara 2009

*Value of sold production 2009*

*Samantekt*

**Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara árið 2009 var 574 milljarðar króna sem er aukning um rúma 28 milljarða króna eða 5,3% frá árinu 2008. Á sama tíma hækkaði vísitala framleiðsluverðs um 11,4% og hefur því heildarverðmæti seldra framleiðsluafurða dregist saman um 6,1% að raungildi. Framleiðsla fiskafurða og framleiðsla á málmum vega sem fyrr þyngst, þannig námu fiskafurðir 34,8% af heildarverðmæti og framleiðsla málma 33,4%. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara árið 2009 án fiskafurða og framleiðslu málma nam tæplega 183 milljörðum króna og dróst saman um 4 milljarða frá fyrra ári.**

## Iðnaðarskýrslur

*Um skýrslugerðina*

Hagstofa Íslands hefur tekið saman tölur yfir seldar framleiðsluvörur á Íslandi árið 2009. Grundvöllur söfnunar og úrvinnslu upplýsinganna er vöruskrá Evrópusambandsins, PRODCOM, en með henni er hægt að bera saman iðnaðarframleiðslu hérlendis og í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Upplýsingum var safnað um magn og verðmæti seldrar framleiðsluvöru. Að auki var upplýsingum safnað um veitta þjónustu sem í vöruskránni er flokkuð sem framleiðsla, þar með talið sérhæfð viðgerðarþjónusta.

*Þátttakendur*

Gagnasöfnun nær til þeirra iðnfyrirtækja sem samkvæmt virðisaukaskýrslum voru árið 2009 með yfir 90% af veltu hverrar deildar þeirra atvinnugreina sem skilgreindar eru sem framleiðslugreinar. Alls fengu 559 fyrirtæki sent eyðublað til útfyllingar. Fyrirtækjum í fiskvinnslu var ekki send skýrsla þar sem upplýsingar um söluverðmæti fiskvinnslu fengust úr tollskýrslum. Einnig eru notaðar tölur úr útflutningsskýrslum til nálgunar á álframleiðslu. Velta fyrirtækjanna vegna iðnaðarstarfsemi árið 2009 voru 574 milljarðar króna. Alls veittu 341 fyrirtæki fullnægjandi upplýsingar um seldar framleiðsluvörur; 13 fyrirtæki reyndust ekki vera í iðnaðarframleiðslu en seld framleiðsla annarra fyrirtækja var áætluð út frá veltu samkvæmt virðisaukaskattskýrslum og hliðsjón höfð af starfsemi sambærilegra fyrirtækja sem skiluðu upplýsingum. Velta fyrirtækja sem skiluðu nothæfum upplýsingum er áætluð um 84% af heildarveltu þeirra fyrirtækja sem leitað var til (miðað við veltu vegna seldra framleiðsluvara). Velta þeirra 546 fyrirtækja sem Hagstofa Íslands leitar nú til er áætluð um 98% af heildarveltu iðnfyrirtækja í landinu.

*Reglur um birtingu talna*

Í töflum eru birtar upplýsingar um heildarverðmæti seldrar framleiðsluvöru fyrir hvert tveggja stafa ÍSAT2008-atvinnugreinanúmer. Heildarverðmæti er því næst sundurliðað niður á þriggja til níu stafa PRODCOM-vörunúmer. Verðmæti þeirra vöruteg-

Hagstofa Íslands

unda sem ekki eru sérstaklega sundurliðaðar er lagt saman og birt undir safnliðnum „Aðrar vörur ótilgreindar annars staðar“.

Reglur Hagstofu Íslands um upplýsingaleynd og trúnað við einstök fyrirtæki koma í veg fyrir birtingu á sundurliðuðum niðurstöðum nema að höfðu samráði við hlutaðeigandi framleiðendur. Reglur um upplýsingaleynd eiga við þegar færri en þrjú fyrirtæki framleiða tiltekna vörutegund, þegar eitt fyrirtæki er með yfir 85% hlutdeild í framleiðslu eða þegar tvö fyrirtæki hafa yfir 90% hlutdeild.

## Heildarverðmæti seldrar framleiðslu

*Heildarverðmæti 574 milljarðar króna árið 2009*

Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara var 574 milljarðar króna árið 2009 en var 545 milljarðar króna árið 2008 sem er 5,3% aukning milli ára. Á sama tíma hækkaði vísitala framleiðsluverðs um 11,4% og hefur því heildarverðmæti seldra framleiðsluafurða dregist saman um 6,1% að raungildi. Eftir atvinnugreinum vegur framleiðsla á matvælum og drykkjarvörum sem fyrr þyngst, nam 279 milljörðum árið 2009 og voru þar af 200 milljarðar vegna framleiddra fiskafurða. Framleiðsla málma var 33,4% af heildarverðmæti árið 2009 og nam rúmlega 191 milljarði króna. Verðmæti seldra fiskafurða og málma nam samtals rúmum 390 milljörðum árið 2009 eða 68% af heildarverðmæti seldra framleiðsluvara árið 2009. Verðmæti seldra framleiðsluvara án fiskafurða og framleiðslu málma dróst saman um 2,1% frá fyrra ári, úr 187 milljörðum króna árið 2008 í 183 milljarða króna árið 2009.

**Mynd 1. Verðmæti seldra framleiðsluvara, án fiskvinnslu og framleiðslu málma 2008 og 2009**

*Figure 1. Value of sold production, excluding fish production and manufacturing of basic metals 2008 and 2009*



*Verðmæti útfluttra fiskafurða jókst um 23%*

Útflutningsverðmæti framleiddra fiskafurða voru tæpir 200 milljarðar króna árið 2009 sem er rúmlega 23% aukning frá árinu 2008 þegar fluttar voru út sjávarafurðir fyrir rúmlega 162 milljarða króna. Á sama tíma dróst magn útfluttra fiskafurða saman um 2%, úr 630 þúsund tonnum árið 2008 í 616 þúsund tonn árið 2009.

*Aukning í framleiðslu á pappírs- og textílvörum*

Verðmæti seldra framleiðsluvara jókst hlutfallslega mest í framleiðslu á pappír og pappavörum, um rúmlega 580 milljónir króna eða 29% á milli ára. Verðmæti seldra textílvara jókst einnig um tæplega 580 milljónir á milli ára eða 25% frá fyrra ári. Framleiðsla fiskafurða jókst um 23% á milli ára og verðmæti í atvinnugreininni önnur framleiðsla jókst um 15% frá árinu 2008. Í framleiðslu á matvælum og drykkjarvörum, án fiskafurða, nam aukningin tæplega 7,5 milljörðum eða 10,4% en verðmæti seldrar framleiðslu jókst úr tæpum 72 milljörðum árið 2008 í rúma 79 milljarða árið 2009.

Milli áranna 2008 og 2009 varð samdráttur hlutfallslega mestur í framleiðslu á vörum úr málmlausum steinefnum þar sem verðmæti seldra framleiðsluvara dróst saman um tæpa 9,5 milljarða króna eða um 49,3%. Verðmæti framleiðslu á viði og viðarvörum dróst saman um rúm 39% þar sem verðmæti seldrar framleiðslu lækkaði um rúmlega 1,2 milljarð á milli ára.

## English summary

**The total value of sold production in 2009 amounted to 574 billion ISK, which was an increase of 28 billion ISK or 5.3% from previous year. At the same time the Producer Price Index increased by 11.4% which means that the total value of sold production decreased by 6.1% in real terms. As in previous years, fish products and basic metals have the highest proportion, with fish products accounting for 34.8% of the total value and basic metals for 33.4%. The value of sold production with fish production and manufacturing of basic metals excluded accounted for 183 billion ISK compared to 187 billion ISK in 2008.**

**Tafla 1. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara 2008–2009**

*Table 1. Value of sold production 2008–2009*

| | | 2008 | | 2009 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Verðmæti, millj. kr *Value, mill. ISK* | % | Verðmæti, millj. kr *Value, mill. ISK* | % |
| | **Alls** ***Total*** | **545.464** | **100,0** | **573.937** | **100,0** |
| | **Heildarverðmæti seldrar framleiðsluvara án sjávarafurða** ***Total value of sold production excluding fish production*** | **383.356** | **70,3** | **374.339** | **65,2** |
| 08 | Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu *Other mining and quarrying* | 3.018 | 0,5 | 2.212 | 0,4 |
| 10/11 | Matvæla- og drykkjarvöruframleiðsla *Manufacture of food products and beverages* | 234.015 | 42,6 | 279.001 | 48,6 |
| | Þar af sjávarafurðir *There of fish production* | 162.107 | 29,7 | 199.598 | 34,8 |
| 13 | Framleiðsla á textílvörum *Manufacture of textiles* | 2.319 | 0,4 | 2.897 | 0,5 |
| 14/15 | Framleiðsla á fatnaði, leðri og leðurvörum *Manufacture of wearing apparel and leather products* | 669 | 0,1 | 742 | 0,1 |
| 16 | Framleiðsla á viði og viðarvörum *Manufacture of wood and of products of wood* | 3.182 | 0,6 | 1.940 | 0,3 |
| 17 | Framleiðsla á pappír og pappírsvöru *Manufacture of paper and paper products* | 1.979 | 0,4 | 2.560 | 0,4 |
| 18 | Prentun og fjölföldun upptekins efnis *Printing and reproduction of recorded media* | 9.593 | 1,7 | 8.412 | 1,5 |
| 20/21 | Framleiðsla á efnum og efnavörum; lyfjum *Manufacture of chemicals and chemical products* | 11.593 | 2,1 | 11.701 | 2,0 |
| 22 | Framleiðsla á gúmmí- og plastvörum *Manufacture of rubber and plastic products* | 6.536 | 1,2 | 6.025 | 1,0 |
| 23 | Framleiðsla á vörum úr málmlausum steinefnum *Manufacture of other non-metallic mineral products* | 19.171 | 3,5 | 9.685 | 1,7 |
| 24 | Framleiðsla málma *Manufacture of basic metals* | 196.547 | 35,7 | 191.444 | 33,4 |
| 25 | Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði *Manufacture of fabricated metal products, except machinery and equipment* | 14.992 | 2,7 | 11.284 | 2,0 |
| 26/27 | Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum; rafbúnaði *Manufacture of computer, electronic and optical products and equipment* | 2.172 | 0,4 | 2.447 | 0,4 |
| 28 | Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum *Manufacture of machinery and equipment n.e.c.* | 13.360 | 2,4 | 12.297 | 2,1 |
| 29/30 | Framleiðsla á farartækjum *Manufacture of transport equipment* | 2.514 | 0,5 | 1.744 | 0,3 |
| 31 | Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum *Manufacture of furniture* | 4.303 | 0,8 | 3.328 | 0,6 |
| 32 | Önnur framleiðsla *Other manufacturing* | 5.363 | 1,0 | 6.179 | 1,1 |
| 33 | Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja *Repair and installation of machinery and equipment* | 18.625 | 3,4 | 20.039 | 3,5 |

# Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2009
*Table 2. Sold production 2009*

| PRODCOM | | Eining *Units* | Fjöldi fyrirtækja *Number* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value, mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| **08** | **Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu** | • | | … | **2.212,2** |
| **10/11** | **Matvæla- og drykkjarvöruframleiðsla** | | | | **279.001,3** |
| 101111 | Nýtt eða fryst nautgripakjöt | kg | 11 | 2.340.655 | 1.762,5 |
| 101112 | Nýtt eða fryst svínakjöt | kg | 11 | 1.139.277 | 757,6 |
| 101113 | Nýtt eða fryst lamba- og kindakjöt | kg | 13 | 7.627.747 | 5.139,4 |
| 101115 | Nýtt eða fryst hrossakjöt | kg | 9 | 845.835 | 399,5 |
| 101139 | Annað nýtt, kælt eða fryst kjöt og innmatur | • | 6 | … | 211,8 |
| 1012 | Nýtt eða fryst kjöt af hænsnum og kjúklingum | • | 5 | … | 4.250,9 |
| 101311 | Svínakjöt, reykt saltað eða þurrkað | kg | 9 | 1.262.450 | 1.165,0 |
| 101313002 | Lamba- og kindakjöt, reykt, saltað eða þurrkað | kg | 8 | 486.848 | 676,5 |
| 101313009 | Annað kjöt, reykt, saltað eða þurrkað | kg | 7 | 90.649 | 61,8 |
| 101314 | Pylsur | kg | 7 | 1.407.304 | 1.177,8 |
| 101315150 | Aðrar unnar vörur úr dýralifur, s.s. lifrarkæfa og lifrarpaté | kg | 4 | 351.890 | 258,6 |
| 101315450 | Unnið kjöt og kjötvörur úr svínakjöti | kg | 11 | 3.585.123 | 3.040,7 |
| 101315850 | Unnið kjöt og kjötvörur úr nauta- og kálfakjöti | kg | 14 | 2.166.792 | 1.794,4 |
| 101315951 | Unnið kjöt og kjötvörur úr lamba- og kindakjöti | kg | 13 | 1.301.068 | 1.299,8 |
| 101315959 | Aðrar unnar vörur úr kjöti eða innmat | • | 8 | … | 966,8 |
| 102011000 | Fersk fiskflök og annar beinlaus fiskur | t | … | 26.096 | 28.304,0 |
| 102012000 | Fersk fisklifur og hrogn | t | … | 124 | 53,4 |
| 102013300 | Heilfrystur sjávarfiskur | t | … | 112.239 | 25.992,8 |
| 102014000 | Fryst fiskflök | t | … | 83.539 | 39.080,6 |
| 102015000 | Frystur beinlaus fiskur, t.d. gellur | t | … | 56.406 | 11.764,3 |
| 102016000 | Fryst fisklifur og hrogn | t | … | 3.028 | 1.864,0 |
| 102021000 | Fiskflök, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi, en ekki reykt | t | … | 23.156 | 15.203,8 |
| 102022000 | Fín- og grófmalað fiskmjöl og fiskkögglar, hæft til manneldis; fisklifur og hrogn; þurrkuð, reykt, söltuð eða í saltlegi | t | … | 2.492 | 1.980,7 |
| 102023000 | Þurrkaður fiskur, saltaður og ósaltaður; saltaður en óþurrkaður fiskur; fiskur í saltlegi (þó ekki reykt fiskflök) | t | … | 48.338 | 28.905,9 |
| 102024200 | Reyktur lax (einnig í flökum) | t | … | 90 | 161,0 |
| 102024800 | Reyktur fiskur (einnig í flökum) (þó ekki lax og síld) | t | … | 362 | 340,7 |
| 102025100 | Unnar vörur úr laxi í heilu eða stykkjum; þó ekki hakkaður lax | t | … | 19 | 7,6 |
| 102025200 | Unnar vörur úr síld í heilu eða stykkjum; þó ekki hökkuð síld | t | … | 21 | 10,4 |
| 102025800 | Unnar vörur úr öðrum fiski (þó ekki fiskstautar) | t | … | 74 | 48,7 |
| 102025900 | Unnar vörur úr fiski (þ.m.t. pylsur og kæfa úr fiski, jafnblandaður fiskur, unnið mjöl og hakk) | t | … | 1.563 | 994,2 |
| 102026600 | Kavíarlíki | t | … | 1.429 | 2.560,1 |
| 102031000 | Fryst krabbadýr; fryst mjöl og kögglar úr krabbadýrum; hæft til manneldis | t | … | 13.927 | 12.523,7 |
| 102033000 | Aðrir vatnahryggleysingjar: frystir, þurrkaðir eða saltaðir | t | … | 766 | 309,3 |
| 102034000 | Unnar afurðir úr krabbadýrum, lindýrum o.þ.h. | t | … | 111 | 191,1 |
| 102041000 | Mjöl, gróf- og fínmalað, og kögglar úr fiski eða úr krabbadýrum, lindýrum og öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis | t | … | 108.830 | 16.741,5 |
| 102042000 | Óætar fiskafurðir, þ.á m. fiskur til beitu og fóðurs | t | … | 47.939 | 1.130,3 |
| 1031/1039 | Kartöflur unnar og varðar skemmdum / Ávextir og grænmeti unnið og varið skemmdum | • | 8 | … | 1.565,7 |
| 104112000 | Feiti og olíur og þættir þeirra unnar úr fiski eða sjávarspendýrum (þó ekki efnafræðilega umbreyttar) | t | … | 85.711 | 11.430,1 |
| 107111000 | Nýtt brauð | • | 48 | … | 5.455,0 |
| 107112000 | Kökur og sætabrauð; aðrar bakarísvörur blandaðar sætuefnum | • | 47 | … | 2.641,8 |
| 10721 | Sætakex og smákökur, vöfflur og kexþynnur | • | 40 | … | 1.046,6 |
| 1082 | Framleiðsla á súkkulaði og sælgæti; kakói | kg | 8 | 4.038.642 | 3.611,6 |
| 108311 | Brennt kaffi | kg | 3 | 876.220 | 1.049,6 |

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2009 (frh.)
*Table 2. Sold production 2009 (cont.)*

| PRODCOM | | Eining *Units* | Fjöldi fyrirtækja *Number* | Magn *Quantity* | Verðmæti, millj. kr. *Value, mill. ISK* |
|---|---|---|---|---|---|
| 1084 | Framleiðsla á bragðefnum og kryddi | • | 7 | … | 930,6 |
| 1091/1092 | Húsdýra- og fiskeldisfóður; Gæludýrafóður | • | 6 | … | 5.038,2 |
| 1105 | Bjór, pilsner og malt | l | 5 | 19.515.366 | } 11.607,5 |
| 1107 | Vatn og gosdrykkir | l | 4 | 56.667.933 | |
| | Aðrar vörur ót.a.s. (þ.m.t. mjólkurafurðir) | | | | 23.493,7 |
| **13** | **Framleiðsla á textílvörum** | | | | **2.897,3** |
| 1394 | Kaðlar, seglgarn og fiskinet | • | 10 | … | 1.978,5 |
| | Aðrar vörur ót.a | | | | 918,8 |
| **14/15** | **Framleiðsla á fatnaði, leðri og leðurvörum** | **•** | **18** | **…** | **741,8** |
| **16** | **Framleiðsla á viði og viðarvörum** | **•** | **32** | **…** | **1.939,8** |
| **17** | **Framleiðsla á pappír og pappírsvöru** | **•** | **5** | **…** | **2.560,3** |
| **18** | **Prentun og fjölföldun upptekins efnis** | **•** | **32** | **…** | **8.411,7** |
| **20/21** | **Framleiðsla á efnum og efnavörum; lyfjum** | **•** | **15** | **…** | **11.700,7** |
| **22** | **Framleiðsla á gúmmí- og plastvörum** | | | | **6.025,0** |
| 221 | Framleiðsla á gúmmívörum | • | 3 | … | 367,2 |
| 222 | Framleiðsla á plastvörum | • | 22 | … | 5.657,8 |
| **23** | **Framleiðsla á vörum úr málmlausum steinefnum** | | | | **9.685,2** |
| 231 | Framleiðsla á gleri og vörum úr gleri | • | 6 | … | 1.176,8 |
| 236 | Framleiðsla á vörum úr steinsteypu, sementi og gifsi | • | 11 | … | 4.351,9 |
| 239913100 | Malbik | • | 5 | … | 1.885,3 |
| | Aðrar vörur ót.a | | | | 2.271,2 |
| **24** | **Framleiðsla málma** | | | | **191.443,6** |
| 241012300 | Kísiljárn | t | 1 | 135.834 | 17.212,5 |
| 241012900 | Annað járnblendi, ót.a. | t | 1 | 11.820 | 571,6 |
| 244211300 | Hreint, óunnið ál | t | 3 | 813.880 | 173.234,2 |
| | Aðrar vörur ót.a | | | | 425,3 |
| **25** | **Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði** | **•** | **104** | **…** | **11.283,5** |
| **26/27** | **Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum; rafbúnaði og heimilistækjum** | **•** | **18** | **…** | **2.447,4** |
| **28** | **Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum** | **•** | **32** | **…** | **12.297,1** |
| **29/30** | **Framleiðsla á farartækjum** | **•** | **12** | **…** | **1.743,9** |
| **31** | **Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum** | **•** | **32** | **…** | **3.328,5** |
| **32** | **Framleiðsla, ót.a.** | **•** | **11** | **…** | **6.178,8** |
| **33** | **Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja** | **•** | **108** | **…** | **20.038,9** |

Hagtíðindi
Statistical Series

**Iðnaður**
***Manufacturing***

95. árg. • 45. tbl.
2010:1

ISSN 0019-1078
ISSN 1670-455X (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4568 (rafræn útgáfa *PDF*)
Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7
Umsjón *Supervision* Stefán Sigurðsson • stefan.sigurdsson@hagstofa.is
Sími *Telephone* (+354) 528 1000
Bréfasími *Fax* (+354) 528 1099
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source*.
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*

Prentsmiðjan Oddi ehf.